

Subject: Ályktun frá Félagi íslenskra tónlistarmanna - klassískri deild FÍH varðandi málefni Salarins í Kópavogi

Til þess sem málið varðar,

stjórn FÍT - klassískrar deildar FÍH sendir bæjarfulltrúum í Kópavogi eftirfarandi ályktun varðandi áframhaldandi starfsemi Salarins í Kópavogi.

Ályktunin er hér að neðan.

Fulltrúar í Lista- og menningarráði Kópavogs fá einnig ályktunina senda.

Með vinsemd og virðingu,

stjórn Félags íslenskra tónlistarmanna - klassískrar deildar FÍH

Ályktun varðandi áframhaldandi starfsemi Salarins í Kópavogi - frá Félagi íslenskra tónlistarmanna - klassískri deild FÍH

Í ljósi úttektar KPMG á starfsemi Salarins í Kópavogi sem birt var nýverið leggur

stjórn Félags íslenskra tónlistarmanna - klassískrar deildar FÍH áherslu á að núverandi bæjarstjórn Kópavogsbæjar tryggi að starfsemi Salarins sé í samræmi við það hlutverk sem Kópavogsbær tilgreindi í stofnsamningi hússins, sem er að auðga tónlistarlíf í bænum og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist, m.a. með fjölbreyttu tónleikahaldi. Stjórn FÍT hvetur bæjarstjórn til þess að metnaðarfull listræn stefna sé höfð að leiðarljósi, frekar en markaðsdrifin stefna og að Salurinn glati ekki stöðu sinni sem eitt af flaggskipum Kópavogsbæjar.

Salurinn í Kópavogi er gríðarlega mikilvægur fyrir klassíska tónlistargeirann á Íslandi, hann er fyrsta húsið sem byggt er með þarfir klassískrar tónlistar hér á landi og er með bestu sölum sem þjóðin á fyrir einsöngstónleika og kammertónlist, enda byggður með þarfir þessara tegunda tónleika í huga.

Salurinn hefur haldið uppi hróðri Kópavogsbæjar sem menningarbæjar síðan hann var opnaður árið 1999 og ljóst að bærinn myndi missa mikið ef starfsemi hans yrði verulega breytt eða hann seldur til annarrar starfsemi.

Því hvetur stjórn FÍT-klassískrar deildar FÍH bæjarstjórn til að auka frekar við stuðning sinn við óbreytta starfsemi Salarins með aukinni markaðssetningu á viðburðum þar, sem á móti mun skila sér ótvírætt til baka í aukinni aðsókn.

